

Árni Björnsson læknir

Fæddur 14. júní 1923 – Dáinn 24. október 2004

ÁRNI BJÖRNSSON læknir var um margt sérstakur maður. Hann var brautryðjandi nútímalýtalækninga hér á landi, eða skapnaðarlækninga eins þá voru kallaðar. Árni var skynsamur, hugaður og laginn skurðlæknir. Vann hann margt læknisverkið á slösuðum sjúklingum og á börnum og fullorðnum með meðfædd lýti, þannig að ekki þarf að hafa um þau mörg orð. Þau munu bera hróður hans.

Árni var óbrotinn alþýðumaður og aristókrat, listelskur húmanisti og róttækur umbótamaður, fullur mannúðar en kröfuharður til sjálfs sín og annarra. Hæfði þetta allt vel því lífsstarfi sem hann kaus sér. Árni var glæsilegur maður á velli, hafði einhverja sérstaka og dulúðuga útgeislun sem bar með sér virðingu er gerði hann fyrirhafnarlaust að fyrirmynd yngri lækna.

Árni tók mikinn þátt í félagsmálum lækna, var

skoðanafastur og harður í horn að taka, ef nauðsyn bar til. Hann brá oft orðsins brandi og fór vel með, var rökfastur, óvæginn og stundum meinfyndinn. Hann gerði sig aldrei sekan um þann glæp að vera leiðinlegur á prenti.

Þessir góðu eiginleikar Árna komu vel fram þegar hann var löngu hættur störfum, en taldi sér skylt að taka þátt í umræðunni um gagnagrunn á heilbrigðisviði. Mátti öllum ljóst vera að þar fóru saman geislandi fjör og baráttugleði, frelsi andans og skapandi hugsun, öllum óháð nema sannfæringunni um það sem hún taldi rétt og satt.

Ég vil leyfa mér fyrir hönd íslenskra lækna að senda eftirlifandi eiginkonu Árna, börnum þeirra og öðrum ástvinum samúðarkveðjur með þökkum fyrir góðan dreng.

Sigurbjörn Sveinsson



Stofnfrumurannsóknir komnar á þing

LÆKNABLAÐIÐ hefur á undanförunum misserum fjallað nokkuð um stofnfrumurannsóknir enda eru þær ofarlega á baugi meðal vísinda- og stjórnmálamanna beggja vegna Atlantshafsins. Hér á landi hefur ríkt þögn meðal síðarnefnda hópsins en nú hefur hún verið rofin. Jóhanna Sigurðardóttir alþingismaður hefur ásamt fjórum öðrum þingmönnum Samfylkingarinnar lagt fram tillögu til þingsályktunar um að skipuð verði nefnd „sem geri úttekt á kostum þess og

göllum út frá læknisfræðilegu, siðfræðilegu og trúarlegu sjónarmiði að heimila nýtingu stofnfrumna úr fósturvísium manna til rannsókna og lækninga á alvarlegum sjúkdómum“.

Ekki er ljóst hvenær þessi tillaga kemur til umræðu í þinginu en óneitanlega verður forvitnilegt að fylgjast með því hver viðbrögð þingmanna verða við henni.

Jóhanna Sigurðardóttir er fyrsti flutningsmaður tillögunnar.



Frá Félagi kvenna í læknastétt á Íslandi

14. OKTÓBER sl. héldu Félag kvenna í læknastétt á Íslandi, Félag kvenna í lögmenntu og Kvinnadeild verkfræðingafélagsins sameiginlegan fund. Fyrirlesari var Þórdís Sigurðardóttir framkvæmdastjóri stjórnendaskóla HR og nefndi hún erindi sitt „Tengslanet – hver er tilgangurinn?“. Rúmlega 60 konur mættu. Eindregin tilmæli komu fram um að þessir hópar

myndu hittast að minnsta kosti einu sinni á ári. Var samþykkt að stefna að því að hittast aftur næsta haust og halda fund með svipuðu sniði.

Aðalfundur félagsins verður haldinn 17. nóvember og hefst kl. 19.00. Aðalfundarstörf, hátíðarkvöldverður á vægu verði og gestafyrirlestur eins og áður. Nánari dagskrá verður send út síðar og einnig

mun skrifstofa læknafélaganna gefa frekari upplýsingar vikuna áður. Takið kvöldið frá og skráið ykkur á skrifstofunni.

Þá vil ég minna konur á að ganga frá greiðslu árgjalda til félagsins svo hægt verði að ganga frá félagaskrá fyrir aðalfund.

Margrét Georgsdóttir
formaður